

Nefndarsvið alþingis  
Löggjafarþing 2010-2011

Egilsstaðir, 1. desember 2010

## Umsögn um þingmál, Þingsjal 46 – 45. mál. 139.

Sem er tillaga til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang á málefnum hafsins og strandsvæða.

### Almennar og efnislegar athugasemdir:

Tillaga að þingsályktun er eftirfarandi „*Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skilgreina Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, m.a. á sviði atferlis- og veiðarfærarannsókna og þorskeldis.*“

Í tillögunni er vísað til heildarstefnumótunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins í málefnum háskóla landsins þar sem einn liður snýr að því að „*marka hverjum landshluta sérstöðu í rannsóknum og kennslu, og leggja grunn að uppbyggingu og verkaskiptingu á sviði rannsókna og háskólakennslu á landsvísu*“

Um leið og undirrituð tekur undir mikilvægi þess að svæði bæði byggi upp og miðli sérþekkingu með öflugu rannsóknastarfi og háskólakennslu, samanber heildarstefnumótun ráðuneytisins þá getur verið varhugavert að úthluta ákveðnum sviðum til ákveðinna landshluta eða stofnanna. **Mikilvægt er að sérþekking spretti frá grasrótinni og að hún sé líka velkomin þar sem hún kann upp að spretta.** Varðandi það fræðasvið er hér um ræðir þá má finna sérþekkingu á því víða um land, hjá Hafrannsóknastofnun í Reykjavík, sjávarútvegsbrautum, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum og Fiskeldi Eyjafjarðar svo fátt eitt sé nefnt. Mikilvægt er að samstaða og samstarf ríki milli þeirra aðila sem vinna á viðkomandi sviði sem og að þeir séu opnir fyrir nýrri þekkingu, hvaðan sem hún kemur.

Útfrá hugmyndafræði akademíunnar sem snýr að því að skapa umhverfi fyrir sköpun og miðlun þekkingar, þar sem frelsi til skoðanna og rannsókna er í forgrunni, þá gæti ályktunin að talist hæpin. Spurning hvort hægt sé að úthluta rannsóknum einsog kvóta á dreifðar byggðir landsins eða hvort betra sé að styðja við góð verkefni sem geta orðið grunnur að frekari þekkingaruppbyggingu og nýsköpun í framtíðinni óháð staðsetningu, þ.e. að landsbyggðin sitji við sama borð og aðrir.

Ofangreindum athugasemdum er ekki ætlað að draga úr mikilvægi þess að landshlutar og svæði móti sér sérstöðu varðandi rannsóknir og kennslu. **Mikilvægt er að sú uppbygging byggi á þekkingu og sérstöðu svæða bæði hvað varðar náttúrfar og menningu sem og þeim námsþörfum sem til staðar eru í samfélaginu hverju sinni.** Áhersla á haf- og strandveiðastjórnun ætti ekki að koma í veg fyrir að byggðar séu upp á Vestfjörðum rannsóknir á friðlýstum svæðum svo sem Hornströndum, né má áhersla á haf- og standveiðastjórnun á Vestfjörðum koma í veg fyrir rannsóknir á haf- og strandsvæðum annarsstaðar á landinu. Jafnframt mega áherslur og verkaskipting ekki koma í veg fyrir að byggð sé upp háskólakennsla í takt við þarfir íbúa t.d. fyrir kennarastéttir, heilbrigðisstarfsmenn o.fl. Þó ólíklegt sé að hægt sé að byggja upp fullvaxta háskólanámsbrautir til frambúðar á staðnum, heldur væru möguleikar að keyra ákveðnar námsbrautir með blönduðu kennslufyrirkomulagi, fjarnám og staðnám til að koma til móts við þá hóp, þ.e. sveigjanlegt háskólaumhverfi byggt upp í samstarfi við háskólana.

**Hvernig geta landshlutar mótað sér sérstöðu í rannsóknum?** Sérstaða í rannsóknum verður að koma í ljós en ekki vera bundin við pólitíska ákvörðun, við verðum að geta skapað umhverfi þekkingarsköpunar og þekkingarmiðlunar á landsbyggðinni sem lagar sig að þekkingu, mannauði og aðstæðum sem eru hverju sinni á hverjum stað. Því er mikilvægt að „verkaskipting“ komi ekki í veg fyrir þróun ákveðinna fræðasviða heldur feli

frekar í sér ákveðin gæðaviðmið þekkingar og opin kerfi sem leyfa það að þekkingarsetur og sérfræðingar á landsbyggðinni geti óháð búsetu komið að rannsóknum og kennslu á sama hátt og tryggja þarf jafnrétti til náms óháð búsetu, kerfi sem vinnur að aukinni fjölbreytni, en ekki gegn henni.


**Mikilvægt er því að meta árangur af háskólanámsbrautinni á Ísafirði með tilliti til þess hverju hún hefur skilað byggðarlaginu (byggðþróunarsjónarmið) og í þekkingaruppbyggingu (akademísk sjónarmið) áður en ákveðið er að leggja öll egg Vestfjarða á sviði háskólakennslu og rannsókna í þá körfu. **Meta mætti:****

- Eftirspurn eftir náminu á Íslandi, markhópar, aldur, samsetning?
- Hve margir nemendur hafa útskrifast og hvaðan koma þeir?
- Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar og hvernig nýtast þær á viðkomandi sviði?
- Hvaða sérfræðingar hafa sinnt kennslu, hvaðan koma þeir og hvernig hafa þeir nýst byggðarlaginu?
- Hvert fara nemendur að námi loknu, í störf í viðkomandi byggðarlagi, í rannsókn-, nýsköpunar- og þekkingarstörf á Íslandi?
- Hlutfall rannsókna- og kennslu á viðkomandi sviði á Íslandi sem kennt er á Ísafirði?
- Sjálfbærni starfsins, kostnaður ríkisins miðað við beinan ávinning fyrir atvinnulíf og rannsóknasamfélagið?
- Hvernig eru möguleikar á samþættingu háskólastarfs nýttir, t.d. til samkennslu og dreifnáms í samstarfi háskólanna, sbr. stefna um samstarfsnet háskólanna.
- Nýsköpunargildi námsins, hvaða þættir námsins eru nýir af nálinni og hvaða þættir eru þeir sömu og í öðrum námi í háskólunum?

**Það liggur á og er mikilvægt að skilgreina betur þau kerfi/ferli sem gilda varðandi þekkingaruppbyggingu á landsbyggðinni sem og í samstarfi háskólanna samanber yfirstandandi stefnumótunarvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Slíkar kerfisbreytingar geta vel farið saman við samþættingu á námsframboði háskólanna sem m.a. felast í auknu samstarfi og gagnkvæmri viðurkenningu námsskeiða. Setur og fræðslustofnanir gætu nýtt sér slíka samþættingu til að þróa einstök námskeið sem passa inn í núverandi framboð á námi og tengjast ákveðnum verkefnum og sérþekkingu á svæðinu, þróað og boðið fram námskeið eða hluta námsbrauta sem fælu í sér ákveðna sérhæfingu, t.d. í þjóðgarðastjórnun, strandsvæðastjórnun, veiðiferðamennsku o.s.frv. Til þess að slík þróun sé möguleg þá þurfa viðkomandi setur eða svæðisbundnar þekkingarmiðstöðvar að hafa aðgang að samþætту háskólakerfi og getað mótað hugmyndir og framkvæmt innan þess án þess að slegið sé af gæðum eða kröfum um nýsköpunargildi viðkomandi náms. Samhliða er mikilvægt að efla dreifnám á Íslandi, þannig að háskólar víða um land geti samnýtt kúrsa, til að auka framboð á dreifnámi sem og til að skapa möguleika á þróun náms sem miðlað er frá landsbyggðinni. Slíkt kerfi myndi jafnframt auka möguleika skóla á alþjóðlegu samstarfi um sameiginlegar og sérhæfðar námsbrautir í samstarfi við háskóla/þekkingarsetur víða um heim.**

**Með hliðsjón af fram settum rökum myndi undirrituð ekki samþykkja tillögu til þingsályktunar um að gera Vestfirði að vettvangi kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða að óbreyttu. Mikilvægt er að fram fari mat á árangri af núverandi starfsemi auk þess sem tryggja þarf að slíkur vettvangur eða afmörkun virki ekki hamlandi á framþróun þekkingar á viðkomandi fræðasviðum né á almenna framþróun á þekkingarstarfs á Vestfjörðum.**

Virðingarfyllst,



Stefanía G. Kristinsdóttir

framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands